

FUNDARGERÐ

605. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2020, fimmtudaginn 20. ágúst, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Ingi Már Björnsson, Drífa Bjarnadóttir, Páll Tómasson og Pálmi Kristjánsson.

Að auki sat fundinn Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerðina í tölvu og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi sat fundinn að hluta.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og leitaði afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

I – 3 Fundargerð fjallskilanevndar vestari frá 19. ágúst 2020.

II – 10 Umsókn um lóð frá Gunnari Sveini Gíslasyni.

Afbrigðin samþykkt samhljóða.

Þetta var tekið fyrir:

1. Verkefni sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

2. Fundargerð skipulagsnefndar.

Lögð fram 283. fundargerð Skipulagsnefndar Mýrdalshrepps frá 13. ágúst 2020. Eftirfarandi liðir eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

2.1. Efnistaka í sandfjöru austan Víkur.

Nefndin samþykkti beiðni frá Jóni Þóri Þorvaldssyni f.h. Skipulagsstofnunar um umsögn við greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna efnistöku í sandfjöru austan Víkur.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.2. Vesturhluti Víkur – Deiliskipulag.

Nefndin samþykkti að senda deiliskipulagstillögu til auglýsingar og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að óska umsagna.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.3. Ytri-Sólheimar – Deiliskipulagstillaga.

Nefndin samþykkti að senda deiliskipulagstillögu til auglýsingar og að óska eftir umsögnum frá viðeigandi stofnunum.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.4. Ytri-Sólheimar – Umsókn um stofnun lóðar.

Nefndin samþykkti umsókn frá Benedikt Bragasyni um stofnun lóðar undir íbúðarhús.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.5. Bakkabraut 6a – Umsókn um byggingarleyfi.

Nefndin tók til skoðunar athugasemdir sem bárust úr grenndarkynningu og taldi þær ekki réttlæta að erindinu yrði hafnað.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir fyrir sitt leyti útgáfu byggingarleyfis.

2.6. Víkurbraut 21 – Umsókn um byggingarleyfi.

Nefndin tók til skoðunar athugasemdir sem bárust úr grenndarkynningu og taldi þær ekki réttlæta að erindinu yrði hafnað.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir fyrir sitt leyti útgáfu byggingarleyfis.

2.7. Urðunarsvæði við Uxafótarlæk – Umsókn um stöðuleyfi.

Nefndin samþykkti umsókn frá Malbikunarstöðinni Hlaðbær-Col hf. um stöðuleyfi fyrri Ammann malbikunarstöð á urðunarsvæði við Uxafótarlæk.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.8. Golfvöllurinn Vík – Umsókn um stöðuleyfi.

Nefndin samþykkti umsókn frá Holly Keyser um stöðuleyfi fyrir matarvagn við golfvöllinn í Vík og að leyfið gildi til 1. september 2021.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.9. Sunnubraut 22 – Umsókn um framkvæmdaleyfi.

Nefndin samþykkti umsókn frá Orra Örvarssyni um framkvæmdarleyfi fyrir girðingu á lóðamörkum.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.10. Árbraut 2 – Umsókn um framkvæmdaleyfi.

Nefndin samþykkti umsókn frá Sveini Pálssyni f.h. íbúa Árbrautar 2 um framkvæmdaleyfi fyrir endurnýjun skjólveggja á núverandi skjólpalli.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.11. Austurvegur – Tillaga um skjólbelti.

Nefndin samþykkti skólbelti sem liggur austur-vestur en taldi að skjólbelti meðfram þjóðvegi myndi valda snjósöfnun á akstursleið.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna með þeim breytingum að beltið sem lagt er til að liggja meðfram þjóðveginum verði fært sunnan megin við gangstéttina og látið ná að gatnamótum Sléttuvegar.

2.12. Sunnubraut 32 – Umsókn um byggingarleyfi.

GF vísar af fundi undir þessum lið.

Nefndin fól skipulags- og byggingarfulltrúa framkvæmd grenndarkynningar vegna umsóknar frá George Frumuselu um byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi á Sunnubraut 32.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

GF kemur aftur inn á fundinn.

Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar.

3. Gjaldskrá fyrir afgreiðslu og þjónustu vegna skipulags- og byggingarmála.

Lögð fram tillaga að breyttri gjaldskrá fyrir þjónustu, leyfisveitingar og afgreiðslu vegna skipulags- og byggingarmála í Mýrdalshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

4. Reglur um lóðaúthlutanir í Mýrdalshreppi.

Lögð fram tillaga að endurskoðaðri reglugerð um lóðaúthlutanir í Mýrdalshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

5. Reglur um stöðuleyfi í Mýrdalshreppi.

Lögð fram tillaga að nýrri reglugerð um veitingu stöðuleyfa í Mýrdalshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

6. Umsóknir um nýræktun skóga.

Lagðar fram eftirfarandi umsóknir um framkvæmdaleyfi fyrir nýræktun skógar.

6.1. Í landi Hvals, landnr. 163035.

Sveitarstjórn vísar í skilmála vegna skógræktar í aðalskipulagi Mýrdalshrepps þar sem segir:

„Taka skal tillit til 36. gr. laga nr. 44/1999, sem segir að við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum“.

Með tilliti til ofangreinds fellst sveitarstjórn ekki á útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir skógrækt í landi Hvals enda mun hún byrgja sýn frá þjóðvegi þegar fram í sækir og sveitarstjórn telur að hún falli ekki að heildarsvipmóti lands.

6.2. Í landi Steigar, landnr. 163109.

Sveitarstjórn felur skipulags- og byggingarfulltrúa að óska umsagna frá þar til bærum aðilu, en mælist til þess að hugað sé að skilmálum um skógrækt sem fram koma í aðalskipulagi Mýrdalshrepps.

7. Fundargerðir fjallskilaneftnda.

Lagðar fram eftirfarandi fundargerðir.

7.1. Fundargerð fjallskilaneftndar eystri, haldinn 11. ágúst 2020.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að kanna umfang lagfæringa á Nesrétt í samráði við formann fjallskilaneftndar og fela sveitarstjóra framgöngu málsins.

GF vikur af fundinum

7.2. Fundargerð fjallskilaneftndar vestari, haldinn 19. ágúst 2020.

Sveitarstjórn stafestir afgreiðslu nefndarinnar.

8. Umsagnarbeiðnir.

Lagðar fram eftirfarandi umsagnarbeiðnir:

8.1. DB vikur af fundi undir þessum lið.

Frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um nýtt rekstrarleyfi frá Bjarna Jóni Finnssyni til sölu gistingar í flokki II í Þakgili á Höfðabrekkuafreitt.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

DB kemur aftur inn á fundinn.

8.2. Frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi frá E.

Guðmundssyni til sölu veitinga í flokki II-veitingahús á Austurvegi 18 fnr. 218-8855.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

8.3. Frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi frá Hrönn Pétursdóttur til sölu gistingar í flokki II-minna gistiheimili á Suðurvíkurvegi 8a.

Sveitarstjórn vísar til takmarkana er varðar útleigu á íbúðarhúsnæði til gistingar í þéttbýlinu í Vík sem bætt var við greinargerð með breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps með vísan í reglugerð nr. 585/2007:

„Útleiga íbúðarhúsnæðis til gistingar í flokki II samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar er óheimil, þó verði þau leyfi sem veitt hafa verið vegna gistingar í flokki II í þéttbýlinu í Vík framlengd til ársins 2022, verði eftir því leitað. Heimagisting verði heimiluð, en verði að hámarki 10 gistirými í samræmi við skilgreiningu byggingarreglugerðar á flokkun húsnæðis m.t.t. brunavarna. Sýna verður fram á að næg bílastæði verði við húsið, það rækilega merkt og að starfsemin muni ekki hafa truflandi áhrif á íbúðabyggð.“

Með nýrri reglugerð um veitinga og gististaði 1277/2016 er sú reglugerð sem ofangreind samþykkt sveitarstjórnar tekur mið af felld úr gildi. Í c- lið 4.gr. reglugerðar 1277/2016 eru minni gistiheimili skilgreind sem gististaður með færri 5 herbergjum eða rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Sveitarstjórn samþykkir með vísan til þeirrar greinar að framlengja þau leyfi sem áður voru veitt til til gistingar í flokki II til 2022.

Með vísan í framangreint fellst sveitarstjórn Mýrdalshrepps ekki á veitingu rekstrarleyfisins.

- 8.4. Frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi frá Jakobínu Elsu Ragnarsdóttur til sölu gistingar í flokki II-stærra gistiheimili á Görðum 1 fnr. 232-5883.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

- 8.5. DB vikur af fundi.

Frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi frá Lilju Valgerði Pétursdóttur til sölu gistingar í flokki II-íbúðir á Bakkabraut 12 fnr. 218-8639.

Sveitarstjórn vísar til takmarkana er varðar útleigu á íbúðarhúsnæði til gistingar í þéttbýlinu í Vík sem bætt var við greinargerð með breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps með vísan í reglugerð nr. 585/2007:

„Útleiga íbúðarhúsnæðis til gistingar í flokki II samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar er óheimil, þó verði þau leyfi sem veitt hafa verið vegna gistingar í flokki II í þéttbýlinu í Vík framlengd til ársins 2022, verði eftir því leitað. Heimagisting verði heimiluð, en verði að hámarki 10 gistirými í samræmi við skilgreiningu byggingarreglugerðar á flokkun húsnæðis m.t.t. brunavarna. Sýna verður fram á að næg bílastæði verði við húsið, það rækilega merkt og að starfsemin muni ekki hafa truflandi áhrif á íbúðabygging.“

Með nýrri reglugerð um veitinga og gististaði 1277/2016 er sú reglugerð sem ofangreind samþykkt sveitarstjórnar tekur mið af felld úr gildi. Í c- lið 4.gr. reglugerðar 1277/2016 eru minni gistiheimili skilgreind sem gististaður með færri 5 herbergjum eða rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Sveitarstjórn samþykkir með vísan til þeirrar greinar að framlengja þau leyfi sem áður voru veitt til til gistingar í flokki II til 2022.

Með vísan í framangreint gerir sveitarstjórn Mýrdalshrepps ekki athugasemd á veitingu rekstrarleyfisins til 1. janúar 2022.

- 8.6. Frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi frá Lilju Valgerði Pétursdóttur til sölu gistingar í flokki II-íbúðir á Víkurbraut 16 fnr. 218-8804.

Sveitarstjórn vísar til takmarkana er varðar útleigu á íbúðarhúsnæði til gistingar í þéttbýlinu í Vík sem bætt var við greinargerð með breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps með vísan í reglugerð nr. 585/2007:

„Útleiga íbúðarhúsnæðis til gistingar í flokki II samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar er óheimil, þó verði þau leyfi sem veitt hafa verið vegna gistingar

í flokki II í þéttbýlinu í Vík framlengd til ársins 2022, verði eftir því leitað. Heimagisting verði heimiluð, en verði að hámarki 10 gistirými í samræmi við skilgreiningu byggingarreglugerðar á flokkun húsnæðis m.t.t. brunavarna. Sýna verður fram á að næg bílastæði verði við húsið, það rækilega merkt og að starfsemin muni ekki hafa truflandi áhrif á íbúðabyggingu.

Með nýrri reglugerð um veitinga og gististaði 1277/2016 er sú reglugerð sem ofangreind samþykkt sveitarstjórnar tekur mið af felld úr gildi. Í c- lið 4.gr. reglugerðar 1277/2016 eru minni gistiheimili skilgreind sem gististaður með færri 5 herbergjum eða rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Sveitarstjórn samþykkir með vísan til þeirrar greinar að framlengja þau leyfi sem áður voru veitt til til gistingar í flokki II til 2022.

Með vísan í framangreint gerir sveitarstjórn Mýrdalshrepps ekki athugasemd við veitingu rekstrarleyfisins til 1. janúar 2022.

- 8.7. Frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi frá Lilju Valgerði Pétursdóttur til sölu gistingar í flokki II-gistiskáli á Víkurbraut 24a fnr. 218-8823.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

- 8.8. Frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi frá Lilju Valgerði Pétursdóttur til sölu gistingar í flokki IV-hótel á Víkurbraut 26 fnr. 218-8824.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

DB kemur aftur inn á fundinn.

9. Umsóknir um lóðir.

Eftirfarandi umsóknir um lóðir lagðar fram:

- 9.1. Umsókn um lóðina Mýrarbraut 11 í Vík frá Roman Janik og Zaklin Janik.

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina.

- 9.2. Umsókn um lóðina Mánabraut 32 frá Gunnari Sveini Gíslasyni.

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina.

10. Reglur og gjaldskrá fyrir dægradvöl Víkurskóla.

Lögð fram drög að reglum og gjaldskrá fyrir dægradvöl Víkurskóla.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

11. Samstarfssamningar.

Lögð fram til staðfestingar drög að eftirfarandi samstarfssamningum:

- 11.1. Samningur við Villiketti um að Villikettir taki að sér að hlúa að villi- og vergangsköttum í sveitarfélaginu og sporni við fjölgun þeirra.

Sveitarstjórn samþykkir drögin og felur sveitarstjóra undirritun.

Samþykkt: DB og EFE.

PK, PT og IMB sitja hjá.

11.2. Samningur við Golfklúbbinn í Vík um stuðning sveitarfélagsins við starfsemi klúbbsins.

Sveitarstjórn samþykkir drögin og felur sveitarstjóra undirritun.

11.3. Samningur við Umf. Kötlu um stuðning sveitarfélagsins við starfsemi félagsins.

Sveitarstjórn samþykkir drögin og felur sveitarstjóra undirritun.

12. Fundargerðir til kynningar.

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram til kynningar:

12.1. Fundargerð Héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 18. desember 2019.

12.2. Fundargerð Héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 16. júní 2020.

12.3. Minnisblað frá samráðsfundi SASS um stöðu og rekstur hjúkrunarheimila, haldinn 26. júní 2020.

12.4. Fundargerð fundar lögreglustjóra Suðurlands með bæjar- og sveitarstjórum, haldinn 30. júní 2020.

12.5. Fundargerð 17. fundar stjórnar Bergrisans, haldinn 3. júní 2020.

Eftirfarandi er til staðfestingar í sveitarstjórn:

12.5.1. Verklagsreglur um stuðningsfjölskyldur og reglur um NPA.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti framlagðar reglur.

12.6. Fundargerð 18. fundar stjórnar Bergrisans, haldinn 24. júní 2020.

12.7. Fundargerð 19. fundar stjórnar Bergrisans, haldinn 6. júlí 2020.

12.8. Fundargerð 53. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs, haldinn 9. júní 2020.

13. Kynningarefni.

Eftirfarandi lagt fram til kynningar:

13.1. Ársreikningur Héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu 2019.

13.2. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um verkefni á sviði félagsþjónustu.

13.3. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd persónulegrar notendastýrðrar þjónustu.

13.4. Kynning á stefnumótunarvinnu vegna Kötlu Jarðvangs.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:08



Einar Freyr Elínarson, oddviti




Ingi Már Björnsson



Páll Tómasson



Drifa Bjarnadóttir



Pálmi Kristjánsson